

**Rekstur og þróun stafrænna innviða**

**09 995**

**Ársreikningur 2024**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

**Rekstur og þróun stafrænna innviða**

**kt. 660124-1280**

**Víkurhvarf 3, 203 Kópavogur**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Rekstur og þróun stafrænna innviða er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga.

Árið 2024 er fyrsta árið í starfsemi fjárlagaliðarins Rekstur og þróun stafrænna innviða. Búið er að flytja miðlæga fjárfestingu og rekstur Verkefnastofunnar Stafrænt Ísland á sérstakan fjárlagalið til þess að gera starfsemina sýnilegri og draga skýrar fram þá hugbúnaðarþróun sem farið hefur fram. Tekið er við hugbúnaðareignum sem áður voru eignfærðar á 09-190 ásamt rekstri þeirra lausna.

Starfsemin fellur undir málefnavið 5 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 2.286,0 milljónir og afkoma kr. 288,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 288,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 5.365,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	900.700.000
Seld þjónusta .....		2.198.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>1.383.137.319</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.286.035.319</b>
<b>Gjöld</b>		
Annar rekstrarkostnaður .....	3	612.133.084
Afskriftir og niðurfærslur .....	4	<u>1.383.137.319</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.995.270.403</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>290.764.916</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(1.987.213)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>288.777.703</u></b>

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	01.01.2024
<b>Eignir</b>			
Tengdir aðilar .....	5	354.315.440	0
Óefnislegar eignir .....	6	5.011.446.529	0
<b>Eignir samtals</b>		<b>5.365.761.969</b>	<b>0</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	5	26.536	0
Viðskiptaskuldir .....		109.188.977	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	7	4.967.768.753	0
<b>Skuldir samtals</b>		<b>5.076.984.266</b>	<b>0</b>
<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>		<b>288.777.703</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	8	288.777.703	0
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>288.777.703</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>5.365.761.969</b>	<b>0</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins .....		288.777.703
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	4	1.383.137.319
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		<u>(1.383.137.319)</u>
		288.777.703
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Tengdir aðilar .....		(397.966.680)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....		<u>109.188.977</u>
		<u>(288.777.703)</u>
		<u><u>0</u></u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Kaupverð óefnislegra eigna .....		<u><u>(1.645.277.776)</u></u>
		<u><u>(1.645.277.776)</u></u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tengdir aðilar .....		43.677.776
Fjárfestingarframlag .....		<u>1.601.600.000</u>
		<u>1.645.277.776</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		0
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>0</u>
		<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	1.045.700.000	2.296.600.000	3.342.300.000
Fjáraukalög .....	0	(695.000.000)	(695.000.000)
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.045.700.000</b>	<b>1.601.600.000</b>	<b>2.647.300.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(145.000.000)	0	(145.000.000)
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>900.700.000</b>	<b>1.601.600.000</b>	<b>2.502.300.000</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(611.922.297)	(1.645.277.776)	(2.257.200.073)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>288.777.703</b>	<b>(43.677.776)</b>	<b>245.099.927</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þrója aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2024

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	900.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.383.137.319
	<u>2.283.837.319</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.045.700.000	0	0	1.045.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(145.000.000)	0	0	(145.000.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>900.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>900.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum ..	(611.922.297)	0	0	(611.922.297)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>288.777.703</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>288.777.703</b>

2024

### 3 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	13.809
Orkugjafar .....	22.408
Matvæli .....	148.503
Vörugaup, almenn	184.720
Fundir, námskeið, risna .....	162.730
Akstur .....	56.405
Sérfræðibjónusta .....	238.555.345
Innheimta, umboðs-, sölu- og bjónustugjöld .....	145.800
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.168.374
Prentun, póstur, flutningar og önnur bjónusta .....	35.608
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta	240.124.262
Afnotagjöld .....	359.034.889
Leigugjöld .....	8.268.396
Verkkaup .....	432.963
Kostnaðarhlutdeild .....	3.488.934
Opinber gjöld .....	598.920
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	371.824.102
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>612.133.084</u>

### 4 Afskriftir

Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	1.383.137.319
	<u>1.383.137.319</u>

### 5 Tengdir aðilar

31.12.2024

01.01.2024

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	352.117.440	0
Aðrir ríkisaðilar .....	2.198.000	0
	<u>354.315.440</u>	<u>0</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	26.536	0
	<u>26.536</u>	<u>0</u>

# Skýringar

31.12.2024 01.01.2024

## 6 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir .....	5.011.446.529	0
	<u>5.011.446.529</u>	<u>0</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024 .....	0
Eignir fluttar frá 09-190 .....	4.749.306.072
Viðbætur á árinu .....	1.645.277.776
	<u>6.394.583.848</u>

Niðurfært 01.01.2024 .....	0
Niðurfærsla ársins .....	1.383.137.319
	<u>1.383.137.319</u>
Staða 31.12.2024 .....	<u>5.011.446.529</u>

## 7 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2024 01.01.2024

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	5.011.446.529	0
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(43.677.776)	0
	<u>4.967.768.753</u>	<u>0</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfesting-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024 .....	0	0	0
Eignir fluttar frá 09-190 .....	4.749.306.072	0	4.749.306.072
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.601.600.000	1.601.600.000
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	1.645.277.776	(1.645.277.776)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(1.383.137.319)</u>	0	<u>(1.383.137.319)</u>
	<u>5.011.446.529</u>	<u>(43.677.776)</u>	<u>4.967.768.753</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 1278,9 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2024 01.01.2024

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. .....	0	0
Afkoma ársins .....	288.777.703	0
Jöfnuður 31.12. .....	<u>288.777.703</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 9 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga um þróun, rekstur og vörlu hugbúnaðarkerfa. Áætlaðar greiðslur vegna samninga á árinu 2025 eru kr. 698,2 milljónir.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.